

**Nd.**

**443. Frumvarp til laga**

um sildarútvegssjóð.

Flm.: Finnur Jónsson.

1. gr.

Tilgangur sildarútvegssjóðs er að styðja sildarútveginn með því að veita útgerðarmönnum og sildarútflytjendum rekstrarlán, svo sem til kaupa á nýjum veiðarfærum, tunnum og salti, gegn vixlum með veði í fullverkaðri síld, tunnum, salti o. s. frv.

## 2. gr.

Afla skal sjóðnum starfsfjár á þennan hátt:

- a) Sildarútflytjendur greiði 1% af söluverði útfluttrar sildar og útgerðarmenn 1% af söluverði sildar til bræðslu.
- b) Ríkissjóður leggi sjóðnum árlega næstu 10 ár jafnháa upphæð og fæst með framlögum einstaklinga samkv. lið a.
- c) Sildarútvegsnefnd leggi til sjóðsins árlega það, sem fram yfir er 15 þús. króna tekjuafgang af fé því, er hún hefir til umráða samkv. lögum nr. 74 29. des. 1934, um sildarútvegsnefnd, útflutning á sild, hagnýtingu markaða o. fl., og skal það fé skoðast sem varasjóður sildarútvegssjóðs.

## 3. gr.

Innheimtu á gjaldi sildarútflytjenda samkv. a-lið 2. gr. skulu sýslumenn og bæjarfógetar annast, ásamt innheimtu á öðru útflutningsgjaldi útfluttrar sildar, og greiða gjaldið til sildarútvegssjóðs jafnótt og það innheimtist. Gjald af nýrri sild til bræðslu skal innheimt af sildarbræðsluverksmiðjunum, og ber þeim að standa skil á greiðslu til sjóðsins vikulega, meðan á sildveiði stendur.

## 4. gr.

Framlög einstaklinga samkv. a-lið 2. greinar skal færa sem stofnsjóðsinnstæðu hvers einstaks við sjóðinn. Af innstæðum þessum greiðir sjóðurinn spari-sjóðsvexti sömu og í Landsbankanum, sem leggjast árlega við höfuðstólinn.

Stofnsjóðsinnstæða fellur til útborgunar:

- a) Við andlát eiganda.
- b) Við gjaldþrot eiganda.
- c) Ef eigandi hættir starfsemi sinni við sildarútveg, en þó ekki fyrr en 5 ár eru liðin frá því hann hætti þeirri starfsemi.

Falli stofnsjóðsinnstæða til útborgunar, hefir sjóðurinn forgangskröfu, næst á eftir forgangsskuldum samkv. gildandi lögum, á innstæðuna fyrir þeim skuldum eða ábyrgðum, sem eigandinn kann að vera í við sjóðinn.

## 5. gr.

Sildarútvegsnefnd hefir á hendi stjórn sjóðsins undir eftirliti atvinnumálaráðuneytisins, og annast hún um, að fé sjóðsins, sem ekki er í útlánnum, sé ávallt ávaxtað í banka með ríkisábyrgð.

## 6. gr.

Sildarútvegssjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

Bækur sjóðsins, ávisanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita sjóðnum handveðrétt, eru undanþegnar stimpilgjaldi.

## 7. gr.

Tveir endurskoðendur skulu endurskoða reikninga sjóðsins, og skal annar þeirra skipaður af ríkisstjórninni, en hinn kosinn af stofnsjóðseigendum, sem hafa 1 atkvæði hver til þeirra kosninga.

8. gr.

Í reglugerð fyrir sildarútvegssjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Greinargerð.**

Frv. þetta var samið af sildarútvegsnefnd eftir ósk félags sildarframleiðenda á Akureyri og við Eyjafjörð, og gerði félagið eftirfarandi grein fyrir nauðsyn málsins:

„Það er alkunnugt, að sildarframleiðendur hafa átt við afarmikla örðugleika að stríða vegna vöntunar á nauðsynlegu rekstrarfé. Bankarnir hafa svo að segja verið lokaðir fyrir þeim, sem stundað hafa þennan atvinnurekstur, og hafa sildarframleiðendur oft orðið að sæta afarkostum hjá erlendum sildar kaupendum, sem veitt hafa þeim fjárhagslegan stuðning, t. d. með því að útvega þeim tunnur og salt til framleiðslunnar. Tilgangurinn með stofnun þessa sjóðs er að gera sildarframleiðendur sjálfstæðari en verið hefir hingað til og að tryggja þennan atvinnurekstur sem hezt.

Margt bendir til þess, að sild og sildarafurðir verði okkar aðalútflutningsvörur á næstu árum og ber því brýna nauðsyn til að tryggja svo sem verða má, að þessi atvinnurekstur geti haft aðgang að nauðsynlegu rekstrarfé. Það virðist í alla staði réttmætt, að ríkissjóður leggi fram nokkurt fé til þessarar sjóðsstofnunar, enda er sú fjárhæð, sem farið er fram á, aðeins nokkur hluti þess fjár, er sildarútvegurinn greiðir í ríkissjóð i útflutningsgjald af sildarafurðum.“